

um sölu á skýrslu millipinganefndar í sauðfjárveikimálum.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar til sölu í bókabúðir um allt land, með hæfilegu verði, skýrslu þá um innflutning búfjár, sem millipinganefnd í sauðfjárveikimálum hefur látið prenta sem fylgiskjal við frv. um varnir gegn karakúlsjúkdómum.

#### Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, skipaði Pétur Magnússon ráðherra í sumar sem leið nefnd til að gera tillögur um, hversu rétta mætti hlut bænda í baráttunni við hina svo nefndu karakúlsjúkdóma. Nefndarmenn voru Árni Eylands, formaður, Jón Palmason og Jónas Jónsson. Nefndin samdi frv. um pestarmálin, og hefur það verið til umræðu í báðum deildum Alþingis. Árni Eylands samdi síðan á vegum nefndarinnar mjög ýtarlegt sögulegt yfirlit um innflutning búfjár til Íslands á síðari tímum. Er þar saman kominn afar mikill fróðleikur um allt innflutningsmálið frá upphafi. Bókin er um 300 bls. að stærð í stóru broti. Í henni eru að mestu leyti opinber skjöl, samþykktir funda, ritgerðir úr búnaðarblöðum, ályktanir búnaðarþings, Alþingis, bréf ráðunauta, dýralækna, forráðamanna búnaðarmála og stjórnarvalda. Þetta eru meginkaflar ritsins:

1. Innflutningur spanskra hrúta 1760 og innflutningur enskra kinda 1855. Barst fjárkláði hingað í bæði skiptin með þessu útlenda fé og gerði hinn mesta usla í sauðfjáreign bænda.

2. Þáttur Hallgríms og Jóns Þorbergssona. Hefja þeir eftir 1905 markvissa baráttu fyrir innflutningi erlends sauðfjár til kynbóta. Lauk þeim þætti með lagasetningu um innflutning sauðfjár 1931.

3. Þáttur búnaðarþings. Hefst hann 1907 og helzt óslitinn, þar til allar tegundir karakúlveikinnar eru hér komnar í algleyming 1939.

4. Þáttur Alþingis. Hann byrjar árið 1905 með löggjöf um algert bann gegn innflutningi á útlendu kvikfé, jafnvel bannað að flytja inn hunda. Magnús Einarsson og Tryggvi Þórhallsson stóðu lengi fast á þessum grundvelli. En árið 1931 var sótt svo fast á af ýmsum forkólfum bænda og af sauðfjárræktarráðunaut Búnaðarfélagsins, að ekki varð lengur móti staðið. Í fyrstu var ráðgert að gæta mikillar varasemi, en í framkvæmdinni fór allt í handaskólum, einkum með karakúlféð og ensku nautgripina.

5. Þáttur er um innflutning loðdýra og sauðnauta, og er sú saga allmerkileg.

6. Þáttur er um brezka holdaféð, sem fór til Hallgríms Þorbergssonar. Engin ógæfa fylgdi þeim innflutningi.

7. Þáttur er um brezku nautgripina. Enduðu þau mál á þann veg, að verr var farið en heima setið.

8. Þáttur er um karakúlféð. Koma vísindi þau, sem íslenskir bændur eiga aðgang að, þar glögglega fram í dagsljósið.

9. Þáttur er um tæknifrjóvgun. Lýkur þeim þætti með frásögninni um það, að veikar kindur voru fluttar frá útlöndum til Reykjavíkur skömmu fyrir jól í vetur. Pétur Magnússon ráðherra fyrirskipaði að slátra hinu sjúka fé, en í stað þess hófu kunnáttumenn, sem trúað var fyrir kindunum, viðtækar kynbótatilraunir með þetta fé í ýmsum byggðum norðanlands. Bendir þetta síðasta óhapp mjög í þá átt, að bændastéttin eigi helzt til fáa áreiðanlega trúnaðarmenn.

10. Þáttur er um sauðfjárveikinefnd. Hermir hann frá því, að þegar öll vísindi og veraldarvald höfðu yfirgefið bændastéttina í karakúlmálunum, tóku menn úr þeirri stétt vandann sér í hendur og glíma enn við óvættina.

11.—13. þættir fjalla um ýmsar lækningatilraunir, bæði í Rannsóknarstofu háskólans og hjá ýmsum leikmönnum. Hefur það starf engan jákvæðan árangur borið.

14.—16. þættir. Þar rekja ráðunautar Búnaðarfélagsins, Halldór Pálsson og Páll Zóphóniasson, afskipti þau, er þeir telja sig hafa haft af karakúlmálunum, og færa fram viðeigandi skýringar. Enn fremur skýrir Halldór Pálsson frá stofnun og rekstri búanna á Keldum og á Hesti, og er sú frásögn bæði skemmtileg og lærðómsrík.

17. þáttur. Þar skýrir Sigurður Hlíðar yfirdýralæknir frá skoðunum sínum á karakúlmálunum öllum í heild. Hann hefur, svo sem kunnugt er, haft á því máli allt aðrar skoðanir en aðrir dýralæknar.

18. þáttur. Þar gefur Árni Eylands yfirlit um sauðfjáreign landsmanna árin 1934—1945. Sést þar glögglega, hvílíkan feiknaskaða innflutningur karakúlfjárins hefur haft í för með sér á efnahag landsmanna, síðan sýki þessi för að herja bústofn bænda.

19. og síðasti þáttur skýrslunnar er yfirlit um allt málið og fáorðar bendingar um, hversu starfa megi að því að koma upp heilbrigðum fjárstofni á Íslandi.

Karakúlmálið er mesta áhyggjuefni íslenzkra bænda. Meðan fjársýkin vofir yfir landbúnaðinum, vantar þennan atvinnuveg allt öryggi. Í skýrslu Árna Eylands um málið er brugðið skörpu ljósi yfir allan gang þess. Hver einasti bóndi á Íslandi, sem hefur áhuga fyrir atvinnu sinni, þarf að lesa þessa bók með athygli. Þar tala verkin. Hin svokölluðu sauðfjárvisindi hafa fram að þessu verið kostnaðarsöm leiksýning. Eins og málin horfa nú við bændastéttinni, er aðeins um tvö úrræði að gera: Fjárskipti þar, sem heilbrigður íslenzkur kindastofn er látinn taka við af karakúlsjúklingunum, og innflutningur erlendra kynja með tæknifrjóvgun. Þeir, sem stefna að þessu marki, verða að þekkja sögu innflutningsmálsins frá upphafi. Þar er að vísu meira sagt frá ósigrum en sigrum. En ef bændastéttin ætlar að rétta íslenzkan búskap við, svo að hann verði öruggur atvinnuvegur, verður að læra af fenginni reynslu. Oft nema menn hin gagnlegustu fræði af ósigrum.

Menn, sem af óþekktum ástæðum líkar miður, að til skuli vera ýtarleg skýrsla um allt karakúlmálið, hafa haldið því fram, að fyrrverandi ríkisstjórn hafi sólandað peningum af almannafé til að gera karakúlbókina. Nefndu þessir menn 120 þúsund krónur, sem útlagðar eru í þessu efni. Hið sanna er, að nefndarvinnan kostaði 5 þús. kr., en pappír og prentun bókarinnar um 20 þúsund. Upplagið er 800. Hefur oft þurft að fórna stærri fjárhæðum á altari karakúlveikindanna.